

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í Suður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkvæmt 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga, nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Svalbarðsstrandarvegur:

1. Hallandsvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Hallandi.
2. Hallandsnesvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Hallandsnesi.
3. Geldingsárvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Geldingsá.
4. Breiðabólsvetur, af Svalbarðsstrandarvegi að Breiðabóli.
5. Mógilsvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Mógili.
6. Túnsbergsvetur, af Svalbarðsstrandarvegi að Túnsbergi.
7. Helgafellsvetur, af Svalbarðseyri að Helgafelli.
8. Neðri-Dálksstaðavegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Neðri-Dálksstöðum.
9. Efri-Dálksstaðavegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Efri-Dálksstöðum.

Grýtubakkahreppur:

1. Nesvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Nesi.
2. Grenivíkurvegur, af Grenivík norðan í höfðanum að Þengilbakka.
3. Hjallavegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Hjalla.
4. Dalsvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri um Jarlsstaði að Dal.
5. Hvammsvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Hvammi.
6. Sundlaugarvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að sundlaug í Gljúfurárgili.
7. Kolgerðisvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Kolgerði.
8. Skarðsvetur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Skarði.

Hálshreppur:

1. Garðshreppur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Garði.
2. Hólavegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Syðrihóli með álmu að Ytri hól.
3. Böðvarsnesvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Böðvarsnesi.
4. Veisuvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Veisu.
5. Fornastaða- og Fornhólavegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Fornastöðum.
6. Sigríðarstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Sigríðarstöðum.
7. Birkihlíðarvegur, af Norðurlandsvegi að Birkihlíð.
8. Kambsstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Kambsstöðum.
9. Birningsstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Birningsstöðum.
10. Vaglavegur, af Vaglaskógarvegi að Vöglum.
11. Þórðarstaðavegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Þórðarstöðum.
12. Fram-Fnjóskadalsvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Reykjum.
13. Fjósatunguvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Fjósatungu.
14. Brúnagerðisvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Brúnagerði.

15. Steinkirkjuvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Steinkirkju.
16. Grímsgerðisvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Grímsgerði.
17. Lundsvegur, af Vaglaskógarvegi að Lundi.

Ljósavatnshreppur:

1. Bjargavegur, af Út-Kinnarvegi að Björgum.
2. Hálsvegur, af Kinnarvegi að Hálsi.
3. Hólsgerðisvegur, af Kinnarvegi að Hólsgerði.
4. Hrappsstaðavegur, af Kinnarvegi að Hrappsstöðum.
5. Gvendarstaðavegur, af Kinnarvegi að Gvendarstöðum.
6. Hlíðarvegur, af Kinnarvegi að Hlíð.
7. Fellsselsvegur, af Kinnarvegi að Fellsseli.
8. Landamótsselsvegur, af Kinnarvegi að Landamótsseli.
9. Stórutjarnarvegur, af Norðurlandsvegi að Stórutjörnum.
10. Arnstapavegur, af Norðurlandsvegi að Arnstapa.
11. Vatnsendavegur, af Norðurlandsvegi að Vatnsenda.
12. Öxarárvegur, af Bárðardalsvegi vestri að Öxará.
13. Holtakotsvegur, af Norðurlandsvegi að Holtakoti.
14. Rauðárvegur, af Norðurlandsvegi að Rauðá.

Bárðælahreppur:

1. Sigurðarstaðavegur, af Bárðardalsvegi að Sigurðarstöðum.
2. Bjarnastaðavegur, af Bárðardalsvegi eystri að Bjarnastöðum og Rauðafelli.
3. Svartárkotsvegur, af Bárðardalsvegi eystri að Svartárkoti.
4. Stórutunguvegur, af Bárðardalsvegi eystri að Stórutungu.
5. Stóruvallavegur, af Bárðardalsvegi vestri að Stóruvöllum.

Skútustaðahreppur:

1. Hofsstaðavegur, af Mývatnssveitarvegi nyrðri að Hofsstöðum.
2. Neslandsvegur, af Mývatnssveitarvegi nyrðri að Syðri-Neslöndum.
3. Kálfastrandarvegur, af Norðurlandsvegi að Kálfaströnd.
4. Grænavatnsvegur, af Norðurlandsvegi að Grænavatni.
5. Haganesvegur, af Mývatnssveitarvegi nyrðri að Haganesi.
6. Heiðarvegur, af Baldursheimsvegi að Heiði.
7. Gautlandavegur, af Baldursheimsvegi að Gautlöndum.
8. Stangarvegur, af Norðurlandsvegi að Stöng.
9. Litlustrandarvegur, af Baldursheimsvegi að Litluströnd.

Reykðælahreppur:

1. Hólavegur, af Laxárdalsvegi eystri að Hólum.
2. Auðnavegur, af Laxárdalsvegi vestri að Auðnum.
3. Halldórsstaðavegur í Laxárdal, af Laxárdalsvegi vestri að Halldórsstöðum.
4. Laugaselsvegur, af Norðurlandsvegi að Laugaseli.
5. Viðavegur, af Norðurlandsvegi að Viðum.
6. Hjallavegur, af Norðurlandsvegi að Hjalla.
7. Seljadalsvegur af Norðurlandsvegi að Seljadal.
8. Fljótsbakkavegur, af Norðurlandsvegi að Fljótsbakka.
9. Halldórsstaðavegur í Reykjadal, af Austurhlíðarvegi að Halldórsstöðum.
10. Helgastaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Helgastöðum.
11. Pálmholtsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Pálmholti.
12. Höskuldsstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Höskuldsstöðum.
13. Vaðsvegur, af Kinnarvegi að Vaði.

Aðaldælahreppur:

1. Sílalækjarvegur, af Sandsvegi að Sílalæk.
2. Árbótarvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Árbót.
3. Núpavegur, af Árbótarvegi að Núpum.
4. Knútsstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Knútsstöðum.
5. Garðsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Garði.
6. Hafralækjavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Hafralæk.
7. Ytrafjallsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ytra-Fjalli.
8. Hagavegur, af Hvammavegi að Haga.
9. Austurhagavegur, af Hvammavegi að Austur-Haga.
10. Hraunsvegur, af Hvammavegi að Hrauni.
11. Presthvammsvegur, af Hvammavegi að Presthvammi.
12. Klambreselsvegur, af Reykjahverfisbraut að Klambreseli.
13. Langavatnsvegur, af Reykjahverfisvegi að Langavatni.
14. Geitafellsvegur, af Reykjahverfisvegi að Geitafelli.
15. Búvallavegur, af Reykjahverfisvegi að Búvöllum.
16. Sumarbúðavegur, af Fagranesvegi að Sumarbúðum.
17. Skriðhverfisvegur, af Kinnarvegi að Rauðskriðu, Bergsstöðum og Jódísarstöðum.

Reykjahreppur:

1. Bláhvammsvegur, af Reykjahverfisvegi að Bláhvammi.
2. Hveravallavegur, af Reykjahverfisvegi að Hveravöllum.
3. Reykhólsvegur, af Reykjahverfisvegi að Reykhóli.
4. Heiðarbótarvegur, af Reykjahverfisvegi að Heiðarbót.
5. Skógarhlíðarvegur, af Reykjahverfisvegi að Skógahlíð.
6. Einarstaðavegur, af Reykjahverfisvegi að Einarstöðum.
7. Skarðavegur, af Reykjahverfisvegi að Skörðum.
8. Laxamýrarvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Laxamýri.

Tjörneshreppur:

1. Hvíslarhólsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Hvíslarhóli.
2. Hafnarvegur, af Þingeyjarsýslubraut að höfn í Hallbjarnarstaðafjöru.
3. Ísólfstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ísólfstöðum.
4. Hólsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Hóli.
5. Mýrarkotsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Mýrarkoti.
6. Sandhólavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Sandhólum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiði árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr. vegalaga niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð.

Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat. Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. vegalaga, eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til veга eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi.

Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Suður-Pingeyjarsýslu, nr. 8 15. febrúar 1931, ásamt síðari breytingum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Pingjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð í Norður-Pingeyjarsýslu.**

1. gr.

Í Norður-Pingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkvæmt 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga, nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Kelduneshreppur:

1. Sultavegur, af Pingeyjarsýslubraut að Sultum.
2. Víkingavatnsvegur, af Pingeyjarsýslubraut að Víkingavatni.
3. Grásiðuvegur, af Pingeyjarsýslubraut að Grásiðu.
4. Nýjabæjarvegur, af Sandsvegi að Nýjabæ.
5. Anarnesvegur, af Sandsvegi að Arnarnesi.
6. Syðribakkavegur, af Sandsvegi að Syðri-Bakka.
7. Eyvindarstaðavegur, af Pingeyjarsýslubraut að Eyvindarstöðum.
8. Uppsveitarvegur, frá Tóvegg að Undirvegg.
9. Ingveldarstaðavegur, af Pingeyjarsýslubraut að Ingveldarstöðum.
10. Meiðavallavegur, af Pingeyjarsýslubraut að Meiðavöllum.
11. Ásvegur, af Pingeyjarsýslubraut að Ási.

Fjallahreppur:

1. Nýjahólsvegur, af Víðihólsvegi að Nýjahóli.

Öxarfjarðarhreppur:

1. Vestara-Landsvegur, af Hólsfjallavegi að Vestara-Landi.
2. Bjarnastaðavegur, af Hólsfjallavegi að Bjarnastöðum.
3. Gilhagavegur, af Gilsbakkavegi að Gilhaga.
4. Bakkavegur, af Austursandsvegi að Ytri-Bakka.
5. Smjörhólsvegur, af Gilsbakkavegi að Smjörhóli.